



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 69 TBL. 18. SRG. OKTÓBER 1991

Það sem enn varnar því að betur sé lifað, er umfram allt skortur á þekkingu.

Helgi Pjeturss


Sprengistjarna

(Supernova)

Árið 1572 sást í stjörnumerkinu Kassíópeiu sprengistjarna*), sem vakti mikla athygli. Hún sást í 18 mánuði og náði birtustigi -4. Fjarlægð um 20.000 ljósár. Stjörnusprengingar slíkar sem þessi hafa sést nokkrum sinnum í vetrarbraut okkar, en margsinnis í ýmsum öðrum. — Þegar stjarna springur með þessum hætti, gerast þau fyrirbæri, sem skipta sköpum, algjör ragnarök, ekki eingöngu fyrir viðkomandi sólstjörnu, heldur hlýtur að tortímast með öllu allt það líf, sem kann að hafa þróast á reikistjörnum slíkrar sólar.

*) Sprengistjarna. Allt frá dögum Tycho Brahe voru stjörnur, sem skyndilega sáuð blossa á himni, kallaðar *nýstirni*, enda vissu menn ekki á þeim tíma hvert var hið raunverulega eðli þessara fyrirbæra.

KASSÍÓPEIA



KASSÍÓPEIA, hið litla en fagra stjörnumerki. Árið 1572 sást í þessu merki sprengistjarna svo björt að jafnaðist á við Venus, en var að fullu horfin að tveim árum liðnum. Kassíópeia á að tákna goðsagnapersónu, drottningu Egyptalands, konu Sefeusar konungs og móður Andrómedu, sem einnig eru kunn stjörnumerki.

Þorsteinn Guðjónsson:

Einstein og endalokin

Flestum, sem fylgst hafa með, er kunnugt um, að Einstein hvatti til smíði kjarnorkusprengjunnar, og er þetta eitt af því sem sannar, að zíonistar voru verri en nazistar, og er ég þó ekki að mæla þeim síðarnefndu bót. En með þessu er ekki allt sagt. Mennirnir eru einstaklingar, sem eiga fyrir sér að þroska alla sína hæfileika, óendanlega, á hverjum hnettinum eftir annan. Hvað Albert Einstein snertir, þá hef ég nýlega haft spurnir af því, að hann eigi nú við þvílíkt vandamál að etja, að ólíkt er flestu, sem menn hafa getað hugsað sér. Ekki mun þó vera eingöngu um samviskubit að ræða, út af bréfinu til Roosevelt, heldur er málið nokkuð öðruvísi vaxið.

Dulspekingur nokkur, landskunnur maður og vel virtur, lagðist til svefnis, þóttist vakna, og þykir honum þá sem Carl Gustav Jung sé við hlið sér. Þeir líða um geiminn og koma til hnattar þar sem mikið er um að vera. Menn eru í uppnámi út af gamla hnettinum, Jörð, óttast um örlög hans og telja jafnvel að hann muni geta sundrast í kjarnorkubáli. Þeir vita, að þetta getur gerzt, því að þeir eru vel að sér í eðlisfræði, og svo hafa þeir uppgötvað það um sjálfa sig, að þeir eru í framlífi en ekki endurbornir og eru á hnetti en ekki í andaheimi eða neinu slíku, hreinlega á hnetti í himingeimnum allt eins og áður, meðan þeir voru að læra vísindin á stjörnunni Jörð. Um þetta lærðu þeir ekki staf í vísindum sínum þá. Nú vilja þeir láta vita af sér úr framlífi og vara Jarðarmenn við því, sem yfir vofir. En þá reka þeir sig á, að engin leið er að hafa samband, því að búið er að hæða og

níða alla miðla og fyrirburðafólk, og hafa þeir sjálfir átt þátt í því, annarsvegar með hinu uppgerðarlega „menningartali“, í fínum samkvæmum sínum, hinsvegar með laumulegu föndri við dulrænuþóðskap af ýmsum tegundum. Engu að síður er þeim nú ljóst, hve mikið liggur við, og eru farnir að spyrja hver annan, hvað sé til ráða og kemur þá hverjum af öðrum í hug að spyrja *vitраста manninn* ráða. Verður af þessu sífelldur straumur ráðsleitenda til Alberts Einsteins, en hann kann engin ráð og er þetta eitthvað það versta, sem fyrir nokkurn mann getur komið: að hafa notið virðingar umfram alla aðra og uppgötva svo, að ævistarfið var í verulegum atriðum falskt. Auk þess kvelst hann náttúrulega af tilhugsuninni um kjarnorkusprengruna, og þó hann beri ekki einn alla sök, naut hann mestrar frægðar af því „afreki“ og kemur það því mest niður á honum. Það var þetta, sem Jung vildi sýna dulspekingnum íslenska, vini sínum, og hygg ég að þessi vitrun sé nú kunn orðin nokkuð víða um lönd, einkum hjá þeim sem hafa mest lagt sig eftir draumafræði og sálarfræði Jungs. En þeir eru áhrifamiklir, einkum í Evrópu.

Það er nógu skrítið til þess að hugsa, að þeir sem minnst gerðu að því að beygja sig fyrir Einsteinsdýrkuninni (og þó eingöngu af vísindalegum ástæðum), skuli reynast einna skástir vinir hans, nú þegar honum vegnar sem verst. Hjá Nýalssinum var fyrst skýrt í heyranda hljóði frá þessari vitrun varðandi Einstein og skal þó tekið fram að vitranamaðurinn er ekki úr þeirra hóp.

Það er líka dálítið furðulegt til þess að hugsa, að rökin, sem kenning Einsteins fellur á, eru jafn einföld og þau eru örugg. Þau eru líka þannig fram sett, að þau *mætti hrekja*, ef andrök væru til. En einhver vísindaspekingur kvað hafa sagt, að þann eiginleika verði vísindarök að hafa til þess að geta talist gild. En andrökin eru ókomin fram. Rökin eru ljós: Einn af hornsteinum Einsteinskenningar er Einsteinsstaðhæfingin (Einsteins Postulat, the Einstein postulate): að ekkert geti farið hraðar en ljósið, ca. 300.000 km/sek. Alltaf hefur mér verið meinlaust við þessa staðhæfingu varðandi

venjulega tilfærslu hluta og agna um rúmið. En þegar ég las lengra í fræðunum varð ljóst, að þarna var um að ræða kerfi þar sem vísitandi var reynt að útiloka, að nokkur skilaboð, nokkur eiginleg vitneskja um atburði geti borist hraðar en þetta. Eftir þessu kerfi ættu fjarhrif, hugaráhrif um langar leiðir, ekki að geta átt sér stað. En nú eiga þau sér áreiðanlega stað. Sjálfur Montagu Ullman, prófessor við Maimonides í New York, leiddur í ræðustól af einum af prófessorum Háskóla Íslands, sagði nú í vetur að þau væru til. Þau eru áreiðanlega til. Og séu þau til, er Einsteins-staðhæfingin fallin.

Það er þetta, sem Albert Einstein, þjáðum í framlífi, er svo ákaflega mikið í mun að tekið verði til greina. Sá sem tekur þessi rök til greina er velgerðarmaður hans; óvinur sá, sem þau misvirðir. Því að viðurkenningin á þessu er það sem gera mundi honum, og þeim þarna á framlífshnetti, kleift að koma þeim boðum hingað, sem svo mikið liggur við að berist.

„Líf er á öðrum stjörnum“ heitir lítil bók, sem ég gaf út fyrir allmörgum árum, og munu ýmsir hafa litið svo á, að þar væri um órökstudda fullyrðingu að ræða. Þetta var þó betur grundvallað en flestir vissu og mun betur en E-staðhæfingin. Munu þessi orð langlífari verða. Og nú kváðu þeir í Lúxemborg vera farnir að ná myndum af landslaginu í öðrum sólhverfum, og hef ég séð eina slíka mynd: fjöll, sem önnur sól skín á. Skin og skuggar skiptast á, þar sem hér, og er alls ekki fráleitt, að myndin geti verið sönn. Háþróuð rafeindatæki eru sögð hafa numið boðin. En líklega er það þó ekki kjarni málsins. **Lífið** er það, sem yfirstígur hraða ljóssins og flytur boðin á milli. Sigur lífsins má kalla það, þegar boðsendingar milli stjarna fara að takast — og mannkyninu verður einungis þannig forðað frá hinum skelfilegustu endalokum. Að komast í rétt samband við aðra er björgunarleiðin. Einangrunin leiðir til stöðnunar og dauða.

Timinn 19. apríl 1988

Ingvar Agnarsson:

Framtíðin og alheimsmátturinn

Hvers vegna er óáran hér á landi nú í öllu góðærinu, sem við höfum notið og njótum enn? Hvers vegna geta valdhafar ekki komið sér saman um rétta stefnu til úrbóta? Hvers vegna fer góður ásetningur æðstu manna úrskeiðis? Hvers vegna liggur við eyðingu sveita og þorpa á landsbyggðinni? - Og hvers vegna ríkir sundrung meðal ráðamanna, stétta og einstaklinga?

Er hægt að rekja þetta ástand til nokkurrar sérstakrar frumorsakar? Ég hygg að dvínandi guðssamband þjóðarinnar sé hér aðalástæðan. Henni var mikið hlutverk ætlað á fyrri hluta aldarinnar, og það kom víða fram þá í batnandi hag og sannri menningu. Þessu hefur hún ekki sinnt sem skyldi. Þjóðin er því á leið fram hjá markinu, sem henni var ætlað að keppa að.

Enn er þó ekki úrhættis með öllu. Hún gæti enn tekið upp merkið og borið það fram til sigurs. Bætt sambönd við lengra komna hjálpendur annars staðar í alheimi er það sem mest ríður á að efla. Skilningurinn á eðli lífssambanda við fullkómna mannkyn þarf að verða almennur, svo að unnt verði að njóta til farsældar þeirra magnandi sambandsáhrifa, sem hinir lengra komnu lifendur beina hingað.

Tækist okkur að verða samtaka alheimsmættinum óendanlega, þyrftum við ekki að kvíða framtíðinni. En hér verðum við sjálfir að eiga nokkurt frumkvæði, svo orðið gæti okkur til sannra framfara.

614 D.V. 30.1.1990.

Líf er á öðrum stjörnum

Einhver nýtsamlegasa bók, sem völ er á, heitir „Líf er á öðrum stjörnum“ eftir Þorstein Guðjónsson, og fjallar hún, í víðum skilningi, um lífgeislunarfræði og framlífsfræði.

Hér eru sem sýnishorn fáeinar setningar, úr bls. 64.

Þekkingin á framhaldi lífsins á eftir að verða hverjum og einum hagnýt þekking, í sannasta skilningi þeirra orða.

Þekkingin á sambandi lífsins í alheimi leiðir í ljós, hversu ákaflega mikilsverð þessi vitneskja er. Framlífsmannfélög eru til, og þau hafa býsna ólíka stefnu: sum stefna til fullkomunar, önnur gera það ekki, sum til hins gagnstæða við fullkomnun (sbr. 9. kafla). Munurinn er meiri en á myrkri og ljósi, því að það er helstefna eða lífstefna, sem um er að tefla. Hugmyndir trúarbragðanna um himnaríki og helvíti byggjast á mis-skilinni sambandsvitneskju um slíka framlífsstaði, en eins og allar misskildar hugmyndir komu þær aldrei að verulegu gagni.

Frumlífsmannfélögin, staðir eins og þessi jörð og aðrar á líku stigi, verða fyrir áhrifum frá þessum sem lengra eru komnir til ills eða góðs, og má nú nærri geta, að nokkru muni skipta, á hvorn veginn þau áhrif verða. Mennirnir eru í lífi sínu hér á jörð, á vegamótum milli þessara tveggja mjög ólíku stefna, og hver maður er eins og viðtökutæki þeirra áhrifa sem hingað er stefnt — og reyndar einnig senditæki.

Menn gætu velt þessum fáu setningum fyrir sér en best væri, að þeir læsu bókina alla. Hún er 68 bls. og fæst hjá Félagi Nýalssinna og hjá höfundu.

Þorsteinn Guðjónsson:

Líforkan í hugmyndum tvennra trúarbragða

Margir munu vera þeirrar skoðunar, að trú og vísindi eigi enga samleið, að aldrei muni verða vísindalega skýrt það, sem trúuðum mönnum þykir mestu máli skipta í trú sinni, og að gagnlaust sé að beita vísindalegri hugsun við slík viðfangsefni. Mun þessi trú á getuleysi mannlegs skilnings gagnvart því, sem mestu varðar, aldrei hafa orðið eins almenn og á þeirri öld, sem nú lifum við, bilið aldrei eins breitt milli trúar og vísinda. Þó er það einmitt á þessari sömu öld, sem komið hefur fram vísindakenning, sem brúar þetta bil og sýnir trúarleg rit og trúarlegar hugmyndir í alveg nýju ljósi. Höfundur þessarar kenningar var Íslendingur, og er það raunar það, sem menn eiga erfiðast með að trúá. Menn eiga erfitt með að trúá því, að þjóð sagnalistarinnar hafi eignast sannan heimspeking. En hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá hefur slíkri kenningu, sem ég minntist á, kenningu sem sættir trú og vísindi, verið haldið fram af íslenskum vísindamanni, dr. Helga Pjeturss, og það er ætlun mín, að því gaumgæfilegar sem menn athuga, því fremur muni þeir fallast á rök hans, þótt niðurstöðurnar virðist í ótrúlegasta lagi við fyrstu sýn. Samband við líf á öðrum jarðstjörnum, raunverulegt og eðlisfræðilegt samband, er stórkostleg tilhugsun og gerbreytir öllum viðhorfum, og það er í þessu ljósi, sem mér hefur hugkvæmst að líta á eitt hið undarlegasta og jafnframt viðkvæmasta trúaratriði: altaris-sakramentið.

Þessi trúarathöfn á, eins og menn vita, rætur sínar að rekja til Jesú sjálfs, til þess, sem hann hefur sjálfur sagt við

lærisveina sína. Hann tók brauð og skipti með þeim og sagði: „Þetta er líkami minn,“ en það, sem máli skipti var raunar ekki brauðið, heldur áhrifin frá honum sjálfum, frá líkama hans. Sams konar áhrif eru það, sem Jesús á við, þegar hann talar um „brauðið, sem kemur af himni“, og þegar hann segir við lærisveina sína (eins og dálítið glettinn á svip, kemur manni í hug):

Eg hef brauð að eta, sem þér vitið ekki af.

En þessi ágæta setning — og það þarf ekki neinnar trúarlegrar auðsveipni til að skynja kraft sannleikans í henni — er það, sem minnir mig svo fastlega á snilldarleg orð í helgum fræðum annars átrúnaðar, ásatrúarinnar, að ég hlýt að undrast það samræmi

Andhrímnr
lætr Eldhrímni
of Sæhrímni soðinn,
fleska bazt,
en þat fáir vitu,
við hvat Einherjar alast.

(Grínnismál, 18. v.).

Hér er það ekki brauðsheiti, heldur fleskheiti, sem gefið er hinni dularfullu næringu hinna útvöldu (Einherja), og er þó auðsætt, að hinn heiðni spekingur hefur ekki haft flešk í huga, fremur en Jesú hafði brauð, heldur eitthvað, sem hann gat ekki komið orðum að, eitthvað óumræðilegt. Og þetta óumræðilega er lífsorkan, þessi orka, sem dr. Helgi Pjeturss hefur uppgötvað sem eðlisfræðilegt fyrirbæri fyrstur manna og gert vísindalega fullnægjandi grein fyrir í riti sínu, Nýal. Það er eftir kenningu hans þessi orka, sem líkamir manna og dýra hlaðast, þegar þeir sofa, og ber með sér þau áhrif, sem skapa draumana. (Sbr. hugsanaflutning). Það er þessi orka, sem guðirnir, hinar dýrðlegu verur á öðrum hnöttum, vilja veita okkur í miklu ríkari mæli, ef við aðeins höfum vit til að veita henni viðtöku.

Frjáls þjóð 20. ágúst 1958.

Magnús Þorsteinsson:

Varðveisla norræna kynstofnsins

„Við þurfum að vernda tungu okkar menningu,” segja stjórnámálamenn jafnan þegar þeir halda hátíðaræður. En þeir gleyma alltaf því, sem er ennþá mikilvægara, en það er að við höldum þjóðarstofni okkar hreinum og óblönduðum. Og þegar talað er um mengun og umhverfisvernd, gleymist alltaf að nefna þá mengun sem hættulegust er, en það er mengun kynstofnsins vegna kynblöndunar. Í löndum þriðja heimsins er fólksfjölgunin og fólksmergðin svo óskapleg, að því verður varla með orðum lýst. Venjulegur maður getur ekki gert sér grein fyrir því um hvílíkan ógnarfjölda er hér að ræða. Kínverjar hafa komist lengst þessara þjóða í því að halda aftur af fólksfjölguninni, og þar er bannað með lögum, að konur eigi fleiri en 2 börn, en samt er það svo, að þó að þeir hlypu í sjóinn stanslaust dag og nótt í sjöfaldri röð og dræpu sig, þá fjölgaði þeim samt.

Þetta sýnir, hve mikinn ógnarfjölda er um að ræða, og hve vita tilgangslaust það er, þegar við, þessar fáu hræður, erum í gustukaskyni að taka við flóttamönnum og valda þar með þjóðinni óbætanlegu tjóni. Tugir milljóna af fólki úr löndum þriðja heimsins vilja flytjast burt í leit að betri lífskjörum, og er mikill fjöldi af því kominn til Vesturlanda, og allstaðar veldur það hrikalegu vandamáli. Nú eru augu margra hugsandi manna á Vesturlöndum að opnast fyrir því, að ef norrænn kynstofn á ekki að líða undir lok þarf að stöðva innflutning á þessu fólki og koma sem flestu af því úr landi.

Margt bendir til þess, að menning og velmegun Vesturlanda sé mannkostum norræna kynsins að þakka. Vegna þess að norrænt kyn er bláeygt, en aðrir kynstofnar eru

brúneygðir, er hægt að sjá, að hve miklu leyti þjóðir eru af norrænu kyni.

Bláu augun eru eins konar erfðafræðilegur vísir um það hve mikill hluti af erfðastofnum þjóðar er frá hinum norræna frumstofni. Á Íslandi eru til dæmis 80 prósent af fólki bláeyg, og allstaðar í Evrópu er til bláeygt, en því fækkar eftir því sem sunnar dregur í álfunni. En jafnframt því sem bláeygðu fólki fækkar vex fátækt og ómenning, og ef norrænt kyn dæi út mundi það leiða fátækt og ómenningu yfir þessi lönd.

Í áramótaræðu sinni 1990 sagðist Steingrímur Hermannsson vera bjartsýnn á framtíð íslensku þjóðarinnar. Það virðist hafa farið framhjá honum, að með innflutningi fólks frá löndum þriðja heimsins er verið að útrýma íslensku þjóðinni. Alltaf er að fjölga Víetnömum, búið að flytja inn ættleiðingarborn frá löndum þriðja heimsins í hundraða; jafnvel þúsundatali, og alltaf bætist við. Rekin er hjúskaparmiðlun, sem flytur inn konur frá Tælandi og Filipseyjum, í fyrra voru þessar konur orðnar 200. Sagt er að frá Filipseyjum komi að jafnaði 12—14 konur á mánuði. Samkvæmt sjónvarpsfrétt í Stöð 2 fer að jafnaði einn Íslendingur á mánuði til Tælands, til að gifta sig þar tælenskri konu, en fleiri fá þó konu gegnum hjúskaparmiðlunina. Svartir körfuboltamenn eru fluttir inn, en sumir þeirra setjast hér að og auka kyn sitt. Starfrækt eru skiptinemasamtök sem leggja sérstaklega áherslu á að fá skiptinema frá löndum þriðja heimsins, einkum frá Afríku, nokkrir svartir skiptinemar hafa hér sest að, hópur af svörtum fiskverkakonum ættuðum frá Mósambík í Afríku settist að á Vestfjörðum og giftist þar, og flestar hinar innfluttu konur, bæði gular og svartar, eiga barn á hverju ári.

Hvernig er nú hægt að vera bjartsýnn á framtíð íslensku þjóðarinnar, þegar svona er í pottinn búið? Náttúrlega mundi sú svarthærða, brúneygða, mókolótta kynblendingaþjóð, sem upp af þessu vex, mæla á einhverskonar íslensku og kalla sig Íslendinga, en eigi að síður verður þetta allt önnur þjóð og gjörólík þeirri, sem nú byggir Ísland.

Til þess að koma í veg fyrir að svona fari þarf því að koma á tafarlaust löggjöf til verndar íslenskum þjóðarstofni. Í þeirri löggjöf þarf að felast algjört bann við innflutningi fólks frá löndum þriðja heimsins, bæði fullorðinna og barna, og sem flestu verði komið úr landi.

Skora ég hér með á alþingismenn að koma á slíkri löggjöf sem allra fyrst. Jón Helgason á þakkir skildar fyrir að hann lét banna innflutning á ættleiðingar börnum, þegar hann var dómsmálaráðherra. Það bann hefði þurft að vera varanlegt — en þetta sýnir þó, að á Alþingi eru til raunsærir og þjóðernissinnaðir menn, og vonandi eru þeir nógu margir til að hægt verði að koma slíkri löggjöf á.

*Höfundur er bóndi að Vatnsnesi í Grímsnesi.
(Áður birt í Mbl. 3. september 1991)*

Heillandi geimsýn



„Dumb-bell“ (M 27) er stór og björt hringpoka í merkinu Litlaref (Vulpecula). Hana er auðvelt að sjá í litlum sjónauka.

Þorsteinn Guðjónsson:

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum

Fæddur 5. apríl 1896

Dáinn 18. júlí 1991

Þorsteinn var fæddur á Úlfsstöðum í Hálsasveit og voru foreldrar hans Jón Þorsteinsson bóndi þar og fyrri kona hans Guðrún Hallfríður Jónsdóttir. Þorsteinn, faðir Jóns á Úlfsstöðum, bjó á Hofsstöðum og var sonur Árna í Kalmanstungu Einarssonar Þórólfssonar. Meðal bræðra Árna í Kalmanstungu voru Bjarni í Straumfirði, afi Bjarna tónskálds Þorsteinssonar og Sigvaldi, afi Sigvalda tónskálds og þeirra systkina. Framætt Einars í Kalmanstungu hefur verið rakin í karlegg langt aftur í aldir, og er sá ættleggur jafnan bundinn við Borgarfjörð.

Guðrún Hallfríður, móðir Þorsteins, var dóttir Jóns Þorvaldssonar og Helgu Jónsdóttur. Voru þau foreldrar hennar bræðrabörn af Deildartunguætt.

Þorsteinn missti móður sína þegar hann var á 9. árinu. Hann gekk austur eftir hlíðinni og hitti þar einhvern af næsta bæ, sem spurði um líðan móður hans. Hann svaraði fáu, en þegar hinn spurði aftur sagði hann: „Hún er dauð“. Móðurmissirinn hafði fengið mjög á hann, en gráturinn kom síðar.

Þuríður Þorsteinsdóttir, föðursystir Þorsteins, var þá á Úlfsstöðum og tók frænda sinn að sér næstu árin. Hún kenndi honum margt. Meðal annars las hún með honum Opinberunarbók Jóhannesar, og um líkt leyti komst hann yfir Snorra Eddu, með frásögn af Ragnarökum og urðu þessi tvö rit honum bæði afar hugstæð og á líkan hátt.

Þegar Þorsteinn var 13 ára kom Símon Dalaskáld að Úlfsstöðum, leit á þennan unga pilt og kvað:

*Vex upp knár og velgefinn
viðmótshýr og stilltur
þrettán ára Þorsteinn minn,
það er besti piltur.*

Árið 1928 lagði Þorsteinn leið sína suður í Reykjavík, hélt þar heim til dr. Helga Pjeturss á Smiðjustíg 5, þakkaði honum rit hans og spurði um leið, hvort hann mætti skilja eftir hjá honum kvæðasyrpu sína, en hann leyfði það. Þegar hann koma aftur var doktor ekki heima, en hafði skrifað á safnið „mjög efnilegt“ og að hann skyldi „mæla með þessu við hvern sem er“. Kom dr. Helgi þessu til Þorsteins Gíslasonar í Lögréttu og birtist síðan margt eftir hann þar og í öðrum tímaritum næstu árin.

Þorsteinn dvaldi í Sviss árin 1933—34 um vetrarskeið hjá Juker menntaskólakennara í Biel og kynntist þar náttúrufræðingi, sem meðal annars fékkst við býflugnarækt. Sá maður tók drottninguna í lófa sér, lukti vel að og kreppti hinn hnefann, en þó rötuðu allar þernurnar að réttum hnefa og suðuðu þar. „Geislun!“ sagði Þorsteinn Jónsson, og var hinn fróði maður ekki fjarri þeim skilningi.

Þorsteinn hafði áður kynnst Áslaugu Steinsdóttur frá Litla-Hvammi í Miðfirði og vorið 1935 fóru þau að búa í Geirshlíðarkoti í Flókadal (Giljahlíð), en ári síðar tóku þau við hálfri Úlfsstaðajörð og síðar allri.

Árið 1938 byggðu þau steinhús nærri gamla torfbænum á Úlfsstöðum, og bjuggu þar þangað til húsið brann á nýársdag 1952. Ekki bar þó á neinni uppgjöf hjá Þorsteini og fjölskyldu hans, enda má segja að samheldni hafi einkennt þá fjölskyldu, þá og alla tíð síðan.

Á Úlfsstöðum byggðu þau Þorsteinn og Áslaug ásamt dætrum sínum nýjan bæ með útihúsum, rúmgóðan og reisu-
legan, stækkuðu túnin og bjuggu góðu búi í marga áratugi. Mörg börn og unglinga úr Reykjavík tóku þau að sér um sumartíma, og allt fram á síðustu ár hafa sumir verið að koma til að þakka fyrir sig. Og dótturbörn þeirra hjóna ólust líka upp meira og minna undir handarjaðri þeirra á

Úlfsstöðum. Þorsteinn var dagfarsprúður og skemmtilegur maður og hafði gaman af að fræða börn og unglinga og tala við þau, enda þyrptust þau að honum. Þau hjón bæði voru dýravinir og hugsuðu vel um skepnur sínar, en af bústörfum mun honum hafa þótt einna skemmtilegast að breyta óræktarmóum í falleg tún. Sláttumaður mun Þorsteinn hafa verið í besta lagi og snerpumaður mikill, á hverju sem hann tók. Þess er getið að hann jafnhattaði menn, sem voru mun stærri og þyngri en hann sjálfur. Að flestu leyti var hann heilsuhraustur, enda var vel séð fyrir heilsusamlegu mataræði á Úlfsstöðum.

Unnandi orðlistar og tónlistar var Þorsteinn í ríkum mæli og mest þó á það sem klassískast var og stærst í sniðum. Hann var gagnkunnugur Íslendingasögum og öðrum fornritum vorum, og hafði litlar mætur á þeirri stefnu að telja þær ósagnfræðilegar, enda þótt honum væri vel kunnugt um ýmsar mótsagnir og missagnir, sem þar koma fyrir. Ýmsir höfðu orð á því fyrr og síðar, að málfar hans hefði mótast af þessum fyrirmyndum, og það svo að sumir töluðu um gullaldarmál á ritgerðum hans, samfara ljómandi gáfum. Og ef sérstaklega góð skilyrði gáfust, eins og til dæmis á skólafundunum hjá Guðmundi Sveinssyni í Bifröst, var eins og fljót losnaði úr klakaböndum á vordegi og flugastraumur bærisk fram. Það var þá sem ég heyrði hann segja þá setningu sem mér hefur minnisstæðust orðið eftir á: „mannleg þjáning getur orðið svo afskapleg“. Eitthvað hljóta unglíngarnir að hafa spurt greindarlega, úr því að þannig var hægt að svara. Greiningin milli lífstefnu og helstefnu var það, sem hann var að ræða um.

Um skáldið og heimspekinginn vil ég vera fáorður. Telja má skáldskapartímabil hans frá 1920—1940, en heimspeki-tímabil frá 1940—1990. „Til þín“, nefnist ljóðabók hans og kom út 1956, en aðrar bækur hans eru: „Samtöl um íslenska heimspeki“ (1940), „Tunglsgeislar“ (1952), „Draumar og svefn“ (1976) og „Lausn gátunnar“ (1984).

Félagslyndan var naumast hægt að kalla Þorstein; þótti honum gott að vera einn út af fyrir sig og hugsa um eitthvað

sérstakt, sem leitaði á hann. En þó var það að hans frumkvæði, að stofnað var til hreyfingar, sem síðar varð að Félagi Nýalssinna. Birtist eftir hann blaðagrein þar sem hann hvatti til samtaka um þau mál, og á fyrsta fundi hafði hann orð fyrir fólkinu. Í þau rúm 40 ár sem sú hreyfing hefur starfað, hefur jafnan verið litið á Þorstein sem „kenningarlegan“ bakhjarl hennar, og margir hafa sótt hann heim; en í eiginlegum félagsmálum hefur hann átt tiltölulega lítinn þátt. Sama er að segja um hann heima í héraði. Það var hvorugt, að hann sæktist eftir eða sóst væri eftir honum í ábyrgðar- og félagsstörf.

Þorsteinn varð háaldraður, 95 ára, og það fór ekki hjá því, að ellin yrði nokkuð þung undir það síðasta. Því meira virði var sú frábæra umönnun sem Áslaug veitti honum á allan hátt, uns yfir lauk.

Það væri mikil fjarstæða að telja Þorstein Jónsson til trúarbragðaandstæðinga eins og stefna slíkra hefur verið. Gagnstætt því að hæðast að þeim hlutum eða niðra þeim var það viðleitni hans að komast þar til skilnings. En sú hugmynd, að ekki megi vita eða ekki sé hægt að vita um framhald lífsins eða þetta sem kallað er lífsgátan, var eitt af því fáa sem Þorsteinn fyrirleit í heimi hér. Mun hann nú hafa sannað á sjálfum sér hvorir höfðu réttara fyrir sér, hann eða þeir, sem þannig tala.

Samkvæmt skilningi Þorsteins, studdum margskyns athugunum, tekur við framlíf, líkamlegt líf, þegar að loknu æviskeiði manns hér á jörð. Á einfaldasta hátt sagt: við förum á annan hnött og höldum áfram að lifa þar. Slík var kenning Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum.

Ingvar Agnarsson:

Keppni í rjúpnadrápi eða bætt hugarfar

Þegar efnt er til keppni í rjúpnadrápi, eins og sagt hefur verið frá í einu dagblaðanna, þá er langt frá því að hér sé um græskulaust gaman að ræða þótt einhverjir vilji halda því fram að rjúpnaveiðar séu mannúðlegar. En því hefur einmitt verið haldið fram í umfjöllun um málið þótt undarlegt kunni að virðast. Engar veiðar eru í raun mannúðlegar.

Þegar einhver leitar sér ánægju í þeirri athöfn að kvelja og drepa, þá stafar það af því að helstefnan er um of ráðandi á meðal okkar. Og þeir sem finna þessa hvöt í eigin barmi ættu að leggja sig fram um að uppræta hana en hlaupa ekki eftir henni. Hún er af illum rótum runnin og komin að fjarhrifaleiðum frá helheimum annarra hnatta, þar sem allt hið ferlegasta í tilverunni gerist og breiðist út þangað sem mót-tökuskilyrði eru fyrir hendi — eins og á sér stað á okkar jörð, illu heilli.

Íslendingar gætu áreiðanlega verið best í stakk búnir allra þjóða til að láta ekki ánetjast af þessum illu áhrifum heldur taka mannlega á móti og vísa þeim á bug úr eigin hugskoti, hver og einn.

Þess vegna eiga menn að leita eftir hjálp þar sem hún stendur til boða, þ.e.a.s. frá lengra komnum hjálpendum í lífheimum annarra sólhverfa, sem stöðugt leggja sig fram um að koma sérhverjum á rétta braut og snúa mannkyni öllu til réttar áttar.

D.V. 6. febrúar 1989.

RIT

Dr. Helga Pjeturss



***Nýall — Ennýall — Framnýall
Viðnýall — Sannýall — Þónýall
Valdar ritgerðir I og II***

**FRÁBÆRAR BÆKUR
SEM ALLIR ÞURFA AÐ LESA**

Nýalsrit Dr. Helga Pjeturss er nýtsöm eign á þessum tíðum.

Er þér kunnugt um — að maður Íslendinga á fyrri hluta þessarar öld hinnar viðurkenndu fræðingurinn söknir á svefni, draumum og óþægum um þau efni rit, sem bæði voru og alþýðufólki.

Er þér kunnugt um — að haldið, að hvergi væru reikis okkar og hvergi líf nema hér, fram með vísindalegum rökum lífsins á ótal hnöttum.

Er þér kunnugt um — að hyggjumaður í flokki vísindafólks þó afdráttarlaust hin "sálræna" skýringa á eðli þeirra.

Er þér kunnugt um — að áður kom til sögunnar, hafði dr. Pjeturss hugtökin lífgeislun og lífgeislun þessarar geislunar?

Er þér kunnugt um — að skýrir ekki aðeins svefn og skyggni, dásvefn, trúarreynslu myndir manna um framhald lífsins?

Er þér kunnugt um — að dr. Pjeturss sinnar — réttum helmingi hefur ást og fræða um þessi málefni verið almennings-áhugaefni?

Er þér kunnugt um — að þessi rit á landi haldið fram, að maður væru að komast á ystu nöfn vísindamanna annars tíðar um slíkt?

Helga — á nýjum tímum.

ad framsækinn raunvísindari pluta 20. aldar fékkst, auk eðigreinar sinnar, við rann- m og eðli lífsins, og skrifaði bi voru ætluð vísindamönnum

ad meðan íhaldssöm vísindi eikistjörnur nema við sólina hér, hélt höfundur Nýals því okum, ad samband væri milli

ad doktor Helgi var efnis- sindamanna, en viðurkenndi álærnu" fyrirbæri og leitaði

adur en Kirlian-myndtæknin dr. Helgi myndað vísinda- fgeislar og sagt fyrir um eðli

ad kenning doktors Helga a og drauma, heldur einnig ynslu, og hinar ýmislegu hug- vald lífsins og æðri veruleika.

dr. Helgi varði 38 árum ævi i hennar — til þess ad fræð- álefni, sem nú eru ad nýju ad efni?

ad þegar um 1920 var því hér d) mannkynið og hnötturinn hof löngu áður en heimspek- narsstaðar fóru fyrst ad tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Þónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

Verð þessara sex bóka:	Kr. 26.000
Verð Nýalsritanna (4 bindi):	Kr. 18.000
Verð Valdra ritgerða I—II:	Kr. 10.000

20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.

Undirrituð/aður óskar að kaupa:

6 bindi 4 bindi 2 bindi

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnr./staður _____

Sími _____

og óskar að greiða kaupin á eftirfarandi hátt:

VISA EURO ANNAD: _____

PÓSTKR. STAÐGR. RAÐGR.: _____

KORT NÚMER: _____

GILDISTÍMI KORTS: _____

SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

Jóhann Þórir Jónsson,

Á 50 ára afmæli, 21. október 1991

Fylgi þér blessun ævi alla
ófarna slóð á heimsins leiðum.
Megir þú hljóta lán og lukku
ljósheimum frá á ævigöngu.
Heilladísirnar æ þig efli
orku og þrótti í stríði hörðu.
Megi þér takast öll þín áform
ætlunarverk svo fullnað verði.

Merkilegt víst er ævi-ætlun
óræðum lífs á þroska brautum:
Falið var þér af æðra afli
orkunni að handan leið að greiða.
Óvænt þú hófst að styðja stefnu
stjörnusambands er hingað beindist,
öllum er skyldi lýðnum lyfta
ljósheimi nær, en áður gerðist.

Áræði sýndir öllum framar,
er útgáfu rita tókst á hendur
Helga Pjeturss, er framtíð fagra
færa er ætlað heimsins þjóðum.
Væntum við þess að viskan hreina
veginn greiði að hugum manna,
opnast svo geti lífinu leiðir
ljósinu að ofan braut svo greiðist.

Heill, sé þér, Jóhann, á heilladegi,
hamingjan sanna við þér brosi.
Fjölskylda þín um framtíð alla
farsældar njóti og gleði sannrar.
Megi ykkur auðnast þrek, ef þrautir
þrengja um stund að lífsins gengi.
Vitum, að samband æðri ættar
allan mun greiða lífsins vanda.

I. A.

Sveinn Haraldsson

Á 60 ára afmæli, 28. janúar 1990

Heill þér vinur
á heiðursdegi
að enduðum sextíu árum.
Máttug regin
þér magnan veiti
meðan endast ár.

Veitist þér enn
á vegferð um ævi
margar guðlegar gjafir.
Megir þú miðla
mætti æðstum
hingað frá hæstum hæðum.

Lengi þú hefur
ljóss frá heimi
miðlað gjöfum góðum.
Fróðleik margan
fært þú hefur
lífstjörnum ljósum frá.

I. A.

Minning

Þorsteinn Jónsson, Úlfstöðum.
F. 5. apríl 1896 — D. 18. júlí 1991.

Horfinn nú ertu
úr hópi vina
yfir til landsins ljósa.
Fagnað hefur þér
fjöldi þeirra
er fyrrum voru farnir.

Stóðst þú í stríði
og styrkum huga
studdir sannleikann sjálfan.
Hin æðsta viska
að ofan send,
var þitt leiðarljós.

Vildir þú greiða
vandfarna leið,
að mannlegum huga og hjörtum.
Skína tók sól
á skuggsæla jörð
svo útsýn tók að opnast.

Lukust upp augu
þeim, er ljósnæmi
áður höfðu átt.
Ljóst er nú yfir
og ljós munu skína
brátt um byggðir heims.

I. A.

„Þér hef ég tvisvar frá feigsgöngu forðað“

I.

Ég þóttist vera einn á ferð um mikinn helli og ég rifjaði upp í huga mér, að tvisvar áður hefði ég flúið langt inn í þennan sama helli á flótta undan grimmum óvinum, sem sóst hefðu eftir lífi mínu.

Nú þóttist ég vita að ég yrði að flýja miklu lengra inn í hellinn en áður undan þessum sömu óvinum, því þeir væru nú ennþá áfjáðari en í fyrri skiptin að ná lífi mínu. Ég vissi, að þeir væru á eftir mér utar í hellinum og hefðu hraðan á, til að draga mig uppi.

Mjög var botn hellisins ójafn og stórsteinóttur. Hér var líka mjög dimmt svo vart sáust handa skil. Mér þokaði samt áfram. Miklar grjóthrúgur lágu á sumum stöðum og varð ég að klöngrast yfir þær, en annarsstaðar var eitthvað greiðfærara.

Ég þóttist nú vera kominn þangað, sem ég áður hafði komist lengst. Hér var gríðarmikil grjótdyngja af stórum björgum um þveran hellinn, og þótti mér allt þetta hafa hrunið úr lofti hellisins. Ég var hræddur um, að þetta mikla hrun lokaði alveg leiðinni lengra inn í hellinn og mundu þá óvinir mínir geta króað mig af og drepið mig.

Ég staldraði ögn við og hlustaði. Heyrði ég skvaldur þeirra ekki mjög langt frá mér og gerði mér ljóst, að þeir nálguðust óðum.

Í mikilli angist en stilltur þó, tók ég að klifa upp eftir urðinni stórbjörgóttu. Svo há var þessi hrúga, að hún nam sums staðar við hellisloftið, og var þó ærið hátt upp í það. Ég þreifaði fyrir mér og fann smugu inn með hellisloftinu á einum stað. Skreið ég inn eftir þessari gjótu og fann loks að ég var kominn inn úr þrengslunum og að hrúgan fór aftur

að lækka hinum megin og bilið upp að lofti hellisins fór hækkandi.

Að lokum komst ég yfir allt þetta úfna grjóthröngl og var nú enn staddur á hellisgólfi. Ég þreifaði mig áfram í myrkrinu. Stundum rakst ég á stóra steina, en tókst að forðast meiðsli.

Ég hlustaði hvort nokkuð heyrði ég til eftirleitarmanna, en ekkert gat ég heyrt til þeirra.

Í huga mér vaknaði von um að þeir kynnu að hafa snúið við hjá hindruninni miklu, sem ég hafði getað klöngrast yfir. Kynni þeim að hafa þótt hún óárennileg um of, til að halda áfram.

Mér varð rórra, en áfram hélt ég langa stund að þreifa mig áfram, án þess ég skynjaði breytingu á þessum víða og langa helli. En hér var mun dimmara en áður, í raun allt að því að vera niðamyrkur.

Lokst þóttist ég greina örlitla glætu framundan, og því lengra sem ég komst því meir jókst þessi birta.

Nú kom ég að lokum þar sem orðið var allbjart og langt í burtu þóttist ég greina einhverja glætu, eins og þar væri hinn endi hellisins og legði þar inn birtu.

Alls hugar feginn hélt ég ótrauður áfram, og þóttist nú vera nær laus úr yfirvofandi lífshættu.

Ég hygg, að hér næst hafi stuttur kafli hins samfellda draums fallið niður. En næst gerist það, að maður nokkur stendur fyrir framan mig. Hann er stór og fagur ásýndum. Það er eins og af honum leggi bjartan ljóma. Hann brosir við mér, eins og hann sé að fagna mér. Hann segir hátt og skýrt með fagurri röddu og þróttmikilli:

„Þér hef ég tvisvar frá feigsgöngu forðað og enn er svo ástatt í þriðja sinni.“

Ég varð undrandi á þessum orðum mannsins og fór að hugleiða þau. En til þess gafst litill tími, því nú endaði draumur skyndilega. En á meðan ég var að vakna til fulls, fann ég mikinn feginleika í sálu minni, rétt eins og nú væru allir erfiðleikar að baki, og ég þyrfti ekki framar að kvíða neinu misjöfnu.

II.

Mjög er draumur þessi „jarðneskur“ að flestu leyti, ef svo mætti segja, því flótti undan grimmum óvinum er ekki óalgengur á jörðu okkar. Hinir sífelldu illu atburðir, sem eiga sér stað í ýmsum hlutum heims, styrjaldarástand og ofbeldi, sem er meginefni fréttanna, kunna að hafa átt einhvern þátt í að stilla mig til sambands við stað, þar sem líkt hagar til. Ég er glaður yfir því að draumgjafi minn virðist hafa sloppið heill úr ógnvænni hættu, sem yfir honum mun hafa vofað, einmitt á þeirri stundu, sem mig var að dreyma. Því draumur eins mun ávallt vera samtíma vökulíf annars.

Það sem mér þykir einna athyglisverðast við þennan draum minn eru orðin, sem hinn bjarti maður talar við draumgjafa minn að lokinni hættuför. Þessi orð eru sem stuðluð og sett fram á markvissan hátt.

Bjarti maðurinn í draumi mínum bendir einnig til þess, að hér sé um samband að ræða við líf á öðrum hnetti, þar sem lífstefnan er að vinna á, á einhverjum stað eða stöðum, þótt að hinu leytinu sé helstefna enn ríkjandi að meira eða minna leyti á þeim hnetti, eins og flótti draumgjafa míns bendir til á ótvíræðan hátt.

Annað lífstefnueinkenni á hnetti draumgjafa míns er það, að bjarti maðurinn segist tvisvar hafa forðað flóttamanninum — draumgjafa mínum — frá **feigsgöngu** og bendir það til sterkra fjarhrifa, sem honum hefur tekist að beina til skjólstæðings síns, honum til bjargar, en ekki kemur fram í huga draumgjafa míns, a.m.k. ekki svo skýrt að náð hafi sofandi vitund minni, að hann hafi áður orðið var þessara hjálpanði áhrifa úr fjarska. Þess vegna er hann líka nokkuð undrandi.

Ég er þess viss, að draumar okkar stafa oft af sambandi við íbúa annarra hnatta, og að með því að athuga skýra drauma, megji fá ýmsa vitneskju, sem enn er ekki unnt að öðlast með öðrum hætti. En lítt hjálpar til fróðleiks athugun á draumum, nema skilningur á sambandseðli þeirra sé fyrir hendi og á sambandi lífsins í alheimi yfirleitt.

Dreymt 15. apríl 1989

LÍFGEISLAR 169

Miðilsfundur

haldinn 30. ágúst 1991

að Úlfsstöðum

Fram kom: Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum

Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum: Já, gamla Steina. Þetta er kannski vandasamt fyrir mig, þó reyni ég að gera mitt besta, og heilsa ykkur snöggvast, þó ekki væri annað. Þakk-læti fyrir það liðna, en satt að segja er erfitt fyrir mig að lýsa liðan minni. Það er nú ekki hægt að segja að ég sé gamalt skar lengur því nú hef ég haft hamskipti, í orðsins fyllstu merkingu. Endurlíkamnast.

Día: Jæja, búinn að sleppa stafnum.

Þ.J.: Ekki er minnsti vafi á því. Ef einhver vafi hefur verið á því áður að ég hafi endurlíkamnast. Nýi líkaminn er fallegur og það verður að segjast eins og er að hann er annars eðlis, en þó eins og hinn fyrri og munurinn raunar enginn annar en að þessi er fallegur og stæltur eins og var á mann-dómsárum mínum. Heldur er hann þó fallegrí.

Það er margt sem ég hef í huga að segja ykkur af viðtök-unum en það má segja að þær hafi í alla staði tekið langt fram því sem mér nokkru sinni hafði órað fyrir og þannig móttökur líkjast því er stórhöfðingi kemur, en einhvernveg-inn ekki þó veraldlegur höfðingi, heldur eins og höfðingi andans, sannleikans.

Það tel ég ekki fjarri sanni að hafi verið rétt og satt og það væri því í samræmi við að litið er hér á mig sem þjón sann-leikans, enda þess sannleika sem mest varðar að vita. Ekki þarf að tala langt mál um mig og hugsun mína þið eruð nú kunnug mér, slíkt er óþarfi.

En hitt er þó furðulegra, breytingin til hins betra sem orðið hefur á högum mínum á skömmum tíma. Slíku taldi

ég mig geta búist við en hún var þó enn stórkostlegri og undursamlegri heldur en mig grunaði.

Hér meðal framliðinna vina ýmsra, á annarri jörð, hef ég tækifæri til að ræða við það ritsnillinga þá, sem ég mest mat og ég tel Helga Pjeturss fremstan þar í hópi, hann tók á móti mér.

Gerða: Hvar varstu þegar þú komst fram, varstu úti eða inni?

Þ.J.: Með þúsundum vitringa og ritsnillinga ýmsra sem gaman er að vera samvistum við. Þetta hefði mig ekki að óreyndu órað fyrir, að svo mikill fjöldi slíkra skapandi snillinga kæmi til móts við mig. Og að þeir fögnuðu mér heilsuhugar eins og raun varð á.

Það þarf samt ekki að gera það ósvikið traust á mér sem þar bjó undir, sem einum þeirra bræðra og andlega skyldra.

Dada: Skynjarðu til okkar?

Þ.J.: Nú er ég hér í stórum sal undursamlega fagurrar stjörnusambandsstöðvar. Það mætti fara fögrum orðum um þá byggingu, útlit hennar og glæsileik og umhverfið er í samræmi við það hið fegursta allt saman. hér eru margir stórkostlegir salir aðrir, hver öðrum fegurri og bjartari, í þessari stjörnusambandsstöð.

Mjög er hér undursamlegur og furðulegur kraftur og magnan, æðri sambönd sem unnt er að njóta og slíkur kraftur er guðlegs eðlis, svo að maður eins og kemst nær guðunum en á jörðunni, hann er víðtækari en ég með orðum fæ lýst.

Þorsteinn Guðjónsson: Heldurðu að það komi að því að þú getir látið verða verulega vart við þið hér á jörð?

Þ.J.: Já, þú spyrð hvort ég muni geta gert vart við mig á gömlu jörð.

Því svara ég til að það þyrfti ég að geta gert og vona að það takist.

Eins og þú hefur áttað þig á er mannkynið í útjaðri vitheims, eins og Helgi sagði oft, og tvísýnt um hvort því tekst að vitkast, bjargast af helvegi ennþá, þrátt fyrir að það hafi sumt til batnaðar breyst, því þarf að róa að því öllum árum

að sannleikurinn ryðji sér til rúms. Þekkingin um eðli lífsins er þýðingarmeiri en menn hafa gert sér grein fyrir, hin ný-alska þekking.

Día: Hefurðu fylgst með þróun mála hér í Austur-Evrópu síðustu daga?

P.J.: Ég hef skynjað um jörð alla og hvernig atburðarás er þar og hugsunarhátt og margt sem ég hef skynjað undanfarna daga, nýlega atburði, séð hvernig mismunandi viðhorf stjórna mönnum til góðs og ills.

Gerða: Þú ert þá mikið að hugsa um gamla hnöttinn?

P.J.: Ég er ekki hættur því, öðru nær. Þó ég sé fluttur á betri jörð, þá er hugurinn enn tengdur minni gömlu jörð og lífinu þar og framvindu þeirri er þar ríkir.

Ekki aðeins að ég vilji hafa þar áhrif, heldur er eins og einhver taug sé á milli mín og jarðarinnar og það er líkast því að ég losni ekki undan ábyrgð vegna framtíðar jarðarinnar og lífsins þar.

Kannski vegna þess að ég hef nokkuð beitt hugsun minni til skilnings á lífi og söguþróun þess á jörðunni og gert mér, að ég tel, nokkuð ljósa grein fyrir undirstöðuatriðum þeirrar söguþróunar. Að hverju þar sé stefnt og hvaða þýðingu það hafi að sú tilraun takist, sem þar er um að ræða, til fulls, að koma lífinu á jörðinni á æ hærra stig fullkomnunar. Ekki hef ég getað ýtt þessu frá mér eins og einhverju óviðkomandi eftir að ég er kominn á aðra jörð, það væru svik við sjálfan mig, í raun og veru, að gera það.

Ekki held ég að hægt sé að segja, að ég telji mig fullkomlega hamingjusaman vitandi af hörmungum þeim er á jörðinni eiga sér stað og víðar í alheimi. En afl mitt er stórum meira en það var á jörðinni og ég efast ekki um að allt hið illa muni verða að lúta í lægra haldi.

Spurning: Eru allir sem þarna eru, af okkar jörð?

P.J.: Ekki er ég nú alveg fær um að svara því ennþá.

Það er víst að þið fáíð meiri fróðleik um það frá mér seinna, er ég hef aflað mér upplýsinga varðandi það atriði.

Jæja svo margt hefur á daga mína drifið á skömmum tíma þó ekki geti ég nema lítilla af því sagt.

Þú ert nú Áslaug, kannski að undrast hvað ég sé upptekinn af sjálfum mér, en þetta er nú samt þessi, sá sem mest á þér að þakka og vildi ég að þú mættir skynja í hug minn þessa stund. Þá myndir þú skynja þakklæti mitt í þinn garð og verður þú að treysta því, að ég reyni nú einhverntíma að endurgjalda þér það allt og líðan mín er að engu leyti öðruvísi en góð. Ég er ekki í vesöld nokkurri lengur. Minn nýi líkami er eins og ég væri um þrítugt eða nálægt því og þó held ég ólíkt gjörvilegri en þá var og kann það að þykja með ólíkindum nokkrum, en sannleikurinn er sagna bestur.

Amma: Hverjir tóku á móti þér?

Þ.J.: Ég hef reynt að segja frá því hér áður. Ég mætti óvæntum, höfðinglegum móttökum og þar var Helgi Pjeturss og fjöldi vitringa annarra og ritsnillinga og allt var þetta vonum frammar og óverðskuldað að mínum dómi.

Amma: Ertu ekki farinn að hlaupa um allt?

Þ.J.: Já, hlaupið hef ég nú og jafnvel *svífið*. Þó að ótrúlegt kunni að þykja, er hér lífaflið á svo miklu hærra stigi en á jörðinni, að engu leyti er hægt að jafna því saman og hér hafa menn hæfileikann til að *svífa* hátt yfir jörðu eins og ekkert sé auðveldara.

Amma: Það eru góð umskipti hjá þér.

Þ.J.: Já ekki kvarta ég nú, öðru nær.

Amma: Hefurðu hitt eitthvað af mínu fólki?

Þ.J.: Já það hefur komið til mín, heilsað mér og ég hef rætt við það og haft ánægju af.

Amma: Og svo náttúrulega þína foreldra og systur!

Þ.J.: Já, já, foreldrar mínir, allt hefur þetta fólk, vinir og ættingjar heilsað mér, hvert öðru skemmtilegra og viðmótsþýðara.

Amma: Hvað hefur þú svo fyrir stafni?

Þ.J.: Ég ræði um heima og geima, eins og maður segir, við mér andlega skylda menn. Það er margt fróðlegt sem borið hefur á góma í þeim viðræðum og held ég, að ég geti með sannni sagt, að sumt, sem ég hef þar lagt til mála hafi jafnvel komið mönnum á óvart, en ýmislegt hef ég líka af þeim begið, það er ég tel mér mikinn ávinning að.

Amma: Hvað viltu að við gerum við öskuna?

Þ.J.: Já, það er nú ykkur í sjálfsvald sett hvernig þið farið með hana, en ekki skal ég áfella ykkur þótt þið dreifið henni út í veður og vind.

Amma: Fylgdist þú nokkuð með þegar verið var að jarða þig?

Þ.J.: Ég heyrði nú, að eitthvað var verið að ræða um gamalmennið sem losnað hefði úr jarðneskum fjötrum holdsins og það er vissulega ekki vert að vanmeta það, sem vel er mælt og af góðsemi um mann látinn, þakka það allt, og þið eigið stórar þakkir skilið fyrir eftirmælin.

Spurning: Hugsarðu stundum til okkar hérna?

Þ.J.: Já, já, það er meira til ykkar hugsað en ykkur grunar.

Jú, við fylgjumst nú með, ég taldi mig nú á jörðinni vita talsvert um þetta og geta gert ráð fyrir að framliðnir skynjuðu til jarðarinnar og það hefur mér reynst svo. Ég skynja til jarðarinnar og meira en ég hefði getað jafnvel búist við, en ekki öllum stundum, ég get ráðið því.

Jæja, kæra Áslaug, þú þyrftir nú að geta skynjað til mín, í draumi helst, og sjá hvernig ég hef tekið stakkaskiptum, hamskiptum.

Amma: Já ég sakna þín nú.

Þ.J.: Ég get sagt hið sama.

Amma: Mér finnst nú eitthvað vanta, þegar það vantar hvíta kollinn.

Þ.J.: Það er eitthvað sem nú hefur eins og horfið, þegar líkaminn er úr sögunni, en nýr líkami er nú kominn til sögunnar og það miklu glæsilegri og öflugri líkami en áður, aðeins heimkynnin í mjög mikilli fjarlægð á annarri jörð.

Amma: Nú hefurðu sjón og heyrn?

Þ.J.: Jú, sjón og heyrn, það má sjá að sjón og heyrn hafi nú líka orðið sem var best, og þó jafnvel framar því.

Día: Er hnötturinn sem þú ert á í sama sólkerfi og við?

Þ.J.: Nei, alls ekki.

Sveinn: En sömu vetrarbraut?

Þ.J.: Já, sömu vetrarbraut, það er rétt. Þú áttir nú við það, Ásdís mín, þú mismæltir þig bara, blessunin.

Já auðvitað, ég átti við það, ég þakka þér fyrir leiðréttinguna.

Þ.J.: Já ekki hef ég nú yfirgefið vetrarbrautina. Vetrarbrautin er stórkostlegt heimskerfi, eins og vetrarbrautir eru, margt þar stórfurðulegt.

Amma: Jæja nú ertu kominn á aðra stjörnu eins og þú varst búinn að þrá svo oft.

Þ.J.: Jæja vissulega beindist nú hugurinn til stjarnanna um langa ævi og til annarrar stjörnu er ég nú kominn og til annarra stjarna liggur leiðin, koll af kalli og á það fyrir okkur öllum að liggja, að nema ótal jarðstjörnur, koma fram á ótal jarðstjörnum í æ fegurri og fullkonnari jarðneskum líkama.

Amma: Það er gaman að heyra í þér, og heyra að þér líður vel og ert ánægður.

Þ.J.: Ég er ekki síður ánægður yfir því að fá að koma orðum til ykkar og þið eigið þökk skilið fyrir að stuðla að þessu sambandi hér við mig.

Nú er það svo að þetta samband, þó ófullkomið sé, gefur þó möguleika að segja ýmis höfuðatriði og bendir vissulega til þess að við eflingu slíks sambands megi koma stórmerkilegum fróðleik til jarðar í framtíðinni, en auðvitað þarf að koma þessum sambandsmálum mannkynsins á framfaraleið.

Amma: Já, þú hefur fylgst með þessu sem stóð hér til?

Þ.J.: Ég er ekki, eins og ég sagði, ónægur á það sem mér er kært og skylt. Ég skynja til jarðarinnar, og ekki síst til ykkar.

Spurning: Hefurðu hitt eitthvað af gömlu húsdýrunum þínum?

Þ.J.: Það má segja að ég hafi hitt mörg þeirra og haft mikla gleði og ánægju af endurfundum þeim.

Spurning: Er ekki fallett þar sem þú átt heima?

Þ.J.: Jú, hér er stórkostleg náttúrufegurð og gróður, og litir gróðurs og náttúru hinir undursamlegustu. Ilmur gróðursins og blómanna sérstaklega undaðslegur og himininn heiður og blár.

Ég er að athuga jarðfræðileg efni líka nokkuð í nágrenni mínu, bergtegundir fjallgarða hér.

Þorsteinn G.: Hvaða árstíð er, er sumar hjá þér?

Þ.J.: Já, sólskin og blómailmur bendir til þess að hér sé sumartíð.

Þorsteinn G.: Hefurðu nokkursstaðar séð jökulhettu á fjalli?

Þ.J.: Já, til fjalla er útsýni gott og má sjá hvíta tinda fjærst í fjarska.

Spurning: En sólin þín, er hún jafnstór sólinni hér?

Þ.J.: Talsvert stærri, er mér sagt.

Spurning: En að sjá hana?

Þ.J.: Líklega er hún líka öllu stærri að sjá.

Sveinn: Hvaða bergtegundir eru þarna ríkjandi?

Þ.J.: Það er líkt og blágrýti, íslenskt, mikið og svo er til bergtegund sem ég hef aldrei áður séð, í nágrenninu hér.

Þorsteinn G.: Hvernig er hún?

Þ.J.: Fínleg nokkuð, jafnvel glerkennð. Litirnir. Þeir eru dásamlegir. Jæja þeir eru nú að segja mér stjórnendurnir að þið þreytist nú kannski á mér.

Nei, nei, alls ekki. Hvað borðarðu þarna, færðu nokkuð mysu?

Þ.J.: Nei, mysu hef ég nú ekki lagt mér til munns og sakna hennar ekkert, þó mysa sé góð. En ávaxtadrykki hef ég sopið.

Þorsteinn G.: Trópi?

Þ.J.: Nei ekkert slíkt sull. Mikið hef ég notið ávaxta góm-sætra sem hér er að finna víða og eru þeir ljúffengari, en ég hef nokkru sinni áður bragðað. Já, þeir ávextir taka jarðneskum ávöxtum fram um bragð og hollustu jafnvel, held ég.

Sveinn: Eru það svipaðir ávextir?

Þ.J.: Ekki segi ég þá neitt líka þeim, miklu bragðbetri og heilsusamlegri.

En það þurfa að komast hér einhverjir fleiri að og vil ég þakka ykkur þolinmæðina við mig, gamla manninn. En gamla manninn getið þið nú lagt til hliðar og hugsað ykkur

allt annan og miklu yngri Þorstein en þið voruð orðin vön.

Gerða: Ertu nokkuð hávaxnari?

Þ.J.: Ég held að ég hafi nú bætt einhverju við mig í hæð og talsverðu jafnvel, og það held ég að ekki sé nema bar til hins betra, það eigi betur við mig. Mér fannst ég ekki vera svo ýkja hávaxinn, sem reyndar hefur verið ósjálfrátt. En atgerfi líkamlegt, það á fyrir sér að fullkomnast og andlegt atgerfi einnig og þannig er stefnt til hinnar æðstu fullkomnunar hins jarðneska líkama. Þannig er efnið ekki það sem menn þurfa að óttast, án efnis er engin fullkomun, eða lífsmöguleikar raunar, framundan. Það þarf ekki að segja ykkur það.

Vísindin munu fyrir eða síðar verða alheimsvísindi og ná til stjarnanna, framlífsins og maðurinn mun vitkast og lífið verða sigursælt.

Amma: Ertu nokkuð að skrifa?

Þ.J.: Já, ég hef tekið mér tíma til að skrifa hugleiðingar nokkrar og til að yrkja.

Það er eins og ég sé orðinn fullur af andargift, andríki og get ekki látið vera að yrkja og skrifa.

Það væri enda mjög ólíkt mér ef ég ekki héldi áfram á þeirri braut og tæki jafnvel framförum.

Eins og högum mínum nú er háttað má gera ráð fyrir, að ég muni bæta við mig ýmsum fróðleik og auknum skilningi á lífi og heimi.

Ég verð nú að láta þetta nægja að sinni.

Þakka svo fyrir og líði ykkur sem best og farnist ykkur sem best.

Verið sæl.

Áslaug, ég þakka þér umönnunina til síðustu stundar af alhug, og allt annað, vertu sæl.

Til lesenda Lífgeisla

(Um nýja útgáfu Nýalsrita)

Fyrsta útgáfa af Nýalsritum dr. Helga Pjeturs fór fram á allmörgum árum meðan sjálfs höfundarins naut við.

Önnur útgáfa Nýalsritanna allra var gerð á vegum og á kostnað Félags Nýalssinna árið 1955 og kom út í sex bindum eins og fyrra skiptið. Í þessari annarri útgáfu komu Nýalarnir út í allstóru upplagi, 2000 eintökum. Og þótt aldrei væri um öra sölu að ræða, eins og þó hefði verðugt verið, þá mátti þó heita, að allur væri hann uppurinn. Um nokkurra ára skeið má svo heita að Nýalarnir hafi verið ófáanlegir. Nauðsyn nýrrar útgáfu var því orðin brýn, því ekki er vansalaust, ef áhugafólk um þessi mál, á þess ekki kost, að eignast þessi höfuðrit íslenskrar hugsunar og ritsnilldar, sem þau vissulega eru.

Nú er útgáfa rita sem þessara, meir en lítið kostnaðarsöm í framkvæmd, og allmikil óvissa um endurheimt hins útlagða kostnaðar. Því vart er hægt að gera ráð fyrir hraðri sölu, ef miðað er við reynsluna af fyrri útgáfum.

Það var því meir en lítið happ fyrir unnendur þessa mál-efnis, að til samstarfs og framkvæmda kom ötull og áræðinn hugsjónamaður. Þessi maður var Jóhann Þórir Jónsson, eigandi fyrirtækisins Skákprents, landskunnur m.a. vegna skákíþróttarinnar, sem hann hefur stundað og stutt um langt árabíl.

Er ekki að orðlengja, að Jóhann tók að sér hið ómetanlega verkefni, að gefa út á eigin kostnað öll Nýalsrit dr. Helga Pjeturss og auk þess **Valdar ritgerðir**, sem komið höfðu út í ýmsum blöðum og tímaritum, á árabílinu 1901 til 1918 (fyrsta bindi) og 1922 til 1948 (síðari bindi).

Nú hafa öll þessi rit séð dagsins ljós að nýju og bíða nýrra kaupenda.

Sú breyting hefur verið gerð að nú eru Nýalsritin öll í 4 bindum en voru áður í 6. Í fyrsta bindi er Nýall, í öðru bindi er Ennýall og Framnýall, og í þriðja bindi er Viðnýall og Sannýall, og í fjórða bindi er Þónýall og gera samtals 1526 blaðsíður (voru áður 1998 bls.). En viðbótin, Valdar ritgerðir er í tveim bindum, 480 bls. og 360 bls.

Nú snúum við okkur til lesenda Lífgeisla og annarra velunnara þessa málefnis, að vel verði brugðist við þessari nýju útgáfu. Einkum viljum við benda þeim, sem þegar eiga Nýalana í eldri útgáfu, að unnt er að kaupa viðbótarritin **Valdar ritgerðir**, ein sér og kosta þau þá kr. 8.000,- bæði bindin gegn staðgreiðslu. Sjá að öðru leyti tilkynningu hér að framman frá útgáfunni á bls. 162—163, þar sem nánar er skýrt frá möguleikum þeim, sem nýjum kaupendum bjóðast.

Kæru lesendur Lífgeisla! Við vonumst svo eftir að sem flestir ykkar geri sitt besta til að afla hinum nýju ritum nýrra kaupenda bæði til þess að hinn ágæti útgefandi fái eitthvað upp í hinn mikla kostnað sinn, og ekki síður til þess, að afla málefninu nýrra lesenda, nýrra stuðningsmanna, því oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn, að hinni öfugu þróun, sem sífellt færir í verra horf á jörðu okkar, verði snúið við, svo hafist geti ný öld sannra framfara, en slíkt gerist varla án stórum bættra sambanda við lengra komna vini sem á öðrum og fullkomnari hnöttum eiga heima og betri skilning hafa á allri framþróun verðandinnar.

Verið svo kært kvöld, með ósk um batnandi daga.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna,

Ingvar Agnarsson

Himininn heillar



Þegar mynd af himinhnetti á hreyfingu (t.d. reikistjörnu) er tekin á tíma, koma fastastjörnurnar fram sem grönn strik.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Sprengistjarna. (Sjá forsiðumynd) I. A.	bls. 146
Kassíópeia. (Mynd).	” 146
Einstein og endalokin. Þorsteinn Guðjónsson	” 147
Framtíðin og alheimsmátturinn. I. A.	” 150
Líf er á öðrum stjörnum. (Úr bók Þ. G.).	” 151
Líforkan í hugmyndum tvennra trúarbragða. Þ. G. Varðveisla norræna kynstofnsins. Magnús Þorsteinsson	” 154
Minning: Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum. Þorsteinn Guðjónsson	” 157
Keppni í rjúpnadrápi eða bætt hugarfar. I. A.	” 161

AUGLÝSING:

Auglýsing um Nýalsrit dr. Helga Pjeturss — Ný útgáfa í sex bindum	” 162
--	-------

LJÓÐ:

Jóhann Þórir Jónsson. (Afmæli). I. A.	” 164
Sveinn Haraldsson. (Afmæli). I. A.	” 165
Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum. (Minning). I. A. ..	” 166

DRAUMAR:

„Þér hef ég tvisvar frá feigsgöngu forðað“. I. A. ..	” 167
--	-------

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur að Úlfsstöðum Ritari: Ragnhildur Þorsteinsdóttir Fram kom: Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum	” 170
---	-------

MYR:

Heillandi geimsýn. (Stjörnumynd)	” 156
Himinninn heillar. (Stjörnumynd)	” 179

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	” 178
-----------------------------------	-------